

Hagnaður 1.816 milljónir króna á 3. ársfjórðungi 2023

Helstu niðurstöður

- Hagnaður tímabilsins nam 1.816 millj. kr. eða 21,2% af framlegð og jókst um 16,2% frá árinu áður.
- Vörusala nam 37.334 millj. kr. samanborið við 35.146 millj. kr. árið áður og jókst um 6,2% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 8.575 millj. kr. og jókst um 1.511 millj. kr. eða 21,4% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 23,0%, en það hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 2,9 p.p. frá 3F 2022.
- Laun og starfsmannakostnaður eykst um 11,2% milli ára en stöðugildum fjölgar um 86 eða 6,5% milli ára vegna opnunar nýrra verslana og kaupum á IFC á síðasta ári.
- EBITDA nam 3.905 millj. kr. samanborið við 3.067 millj. kr. á 3F 2022, sem er hækkun um 27,3%. Ef undanskildir eru einskiptisliðir í tekjum og gjöldum sem féllu til árið áður þá er bætingin 40,2% milli ára.
- Eigð fé nam 35.084 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 36,1% í lok 3F 2023.
- Handbært fé frá rekstri nam 3.383 millj. kr. eða 39,5% af framlegð, samanborið við 1.318 millj. kr. árið áður.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2023 er hækkuð um 600 millj. kr. og er nú 10.400 - 10.800 millj. kr.

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	37.334	35.146	2.187	6,2%	101.017	89.654	11.362	12,7%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	8.575	7.063	1.511	21,4%	22.558	20.123	2.435	12,1%
Aðrar rekstrartekjur	535	801	-266	-33,3%	1.549	1.714	-164	-9,6%
EBITDA	3.905	3.067	838	27,3%	7.867	7.726	141	1,8%
EBIT	2.825	2.218	607	27,3%	5.000	5.179	-178	-3,4%
EBT	2.215	1.892	323	17,1%	2.949	4.100	-1.152	-28,1%
Hagnaður tímabilsins	1.816	1.562	254	16,2%	2.463	3.373	-910	-27,0%
Efnahagsreikningur					30.9.2023	31.12.2022	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					13.968	13.086	883	6,7%
Viðskiptakröfur					6.553	5.960	592	9,9%
Handbært fé					4.232	2.112	2.120	100,4%
Vaxtaberandi skuldir					37.885	38.440	-556	-1,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir					33.653	36.328	-2.675	-7,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,5	2,7	-20,1	-7,5%
Eiginfjárlutfall					36,1%	36,9%	-0,8 p.p.	-2,3%
Arðsemi eigin fjár					9,3%	15,0%	-5,6 p.p.	-37,7%
Sjóðstreymi	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	3.383	1.318	2.065	156,6%	7.480	2.777	4.703	169,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-937	-826	-111	13,4%	-2.083	-3.403	1.320	-38,8%
Fjármögnunarhreyfingar	-503	-1.487	984	-66,2%	-3.252	-2.282	-970	42,5%
Handbært fé í lok tímabils	4.232	1.144	3.087	269,8%	4.232	1.144	3.087	269,8%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	23,0%	20,1%	+2,9 p.p.	14,3%	22,3%	22,4%	-0,1 p.p.	-0,5%
Starfsmannakostnaður/framlegð	42,9%	46,8%	-3,9 p.p.	-8,4%	50,9%	48,3%	+2,6 p.p.	5,4%
EBITDA/framlegð	45,5%	43,4%	+2,1 p.p.	4,9%	34,9%	38,4%	-3,5 p.p.	-9,2%
Hagnaður/framlegð	21,2%	22,1%	-0,9 p.p.	-4,3%	10,9%	16,8%	-5,8 p.p.	-34,9%
Hagnaður á hlut	6,0	5,1	86,0	16,9%	8,1	10,9	-281,0	-25,8%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	39,5%	18,7%	+20,8 p.p.	111,4%	33,2%	13,8%	+19,4 p.p.	140,3%
Fjárfestingar	1.028	1.270	-243	-19,1%	2.593	4.364	-1.771	-40,6%

Rekstur 3. ársfjórðungs 2023

Þriðji ársfjórðungur er ávallt stærstur í rekstri samstæðunnar á hverju ári hvað varðar vörusölu og heildarumsvif starfseminnar. Reksturinn á fjórðungnum gekk vel og var niðurstaðan umfram áætlanir þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi í formi áhrifa verðbólgu á vöruverð og allan rekstrarkostnað. Vörusala jókst um 6,2% milli ára en aukning var í heimsóknum og magnsölu til viðskiptavina í öllum helstu starfsþáttum milli ára. Framlegðarstig nam 23,0% og hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 2,9 p.p. frá fyrra ári. Framlegð í krónum hækkar um 21,4% milli ára en rekstrarkostnaður um 8,5% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 3.905 millj. kr. sem er 27,3% hækkun frá árinu áður og 40,2% ef undanskildir eru einskiptisliðir í tekjum og gjöldum frá árinu áður. EBITDA N1 var 622 millj. kr. betri en árið áður, EBITDA Krónunnar var 325 millj. kr. betri og EBITDA ELKO var 13 millj. Kr. lægri en árið áður. Fjármagnskostnaður hækkar um 86,9% milli ára mestmegnis vegna áhrifa hækkunar stýrivaxta, sem sýnir mikilvægi þess að ná að viðhalda eða bæta framlegðarstig í rekstrinum í núverandi rekstrarumhverfi. Hagnaður tímabilsins nam 1.816 millj. kr. sem er hækkun um 16,2% milli ára. Mikil áhersla er áfram á framlegðarbætingu og leiðir til lækkunar kostnaðar í samstæðunni.

Tekjur 3. ársfjórðungs 2023

- Heildartekjur námu 37.869 millj. kr. sem er aukning um 5,3% en 6,4% án áhrifa einskiptisliða frá árinu áður.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 37.334 millj. kr. sem er um 6,2% aukning milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 18.289 millj. kr. sem er aukning um 19,8% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 12.147 millj. kr. sem er lækkun um 8,5% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.402 millj. kr. sem er lækkun um 1,1% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.496 millj. kr. sem er aukning um 15,7% milli ára.
- Aðrar rekstrartekjur lækka um 266 millj. kr. milli ára en einskiptistekjur að fjárhæð 358 millj. kr. komu inn í sama fjórðung árið áður.

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	18.289	15.261	3.028	19,8%	51.149	41.566	9.583	23,1%
Eldsneyti og rafmagn	12.147	13.280	-1.133	-8,5%	30.150	30.141	9	0,0%
Raftæki	4.402	4.449	-47	-1,1%	12.622	11.765	856	7,3%
Aðrar vörur og þjónusta	2.496	2.156	339	15,7%	7.095	6.182	914	14,8%
Samtals vöru-og þjónustusala	37.334	35.146	2.187	6,2%	101.017	89.654	11.362	12,7%
Aðrar rekstrartekjur	535	801	-266	-33,3%	1.549	1.714	-164	-9,6%
Tekjur samtals	37.869	35.948	1.921	5,3%	102.566	91.368	11.198	12,3%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 19,8% milli ára en verslunum Krónunnar fjölgaði um eina milli ára með opnun nýrrar verslunar á Akureyri í desember sl. Þá kemur rekstur Icelandic Food Company inn í samstæðuna frá 1. janúar 2023 en tekjur félagsins koma undir dagvörusölu. Tekjur af eldsneyti og rafmagni lækkuðu um 8,5% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 6 - 18%, eftir vörutegundum, á milli ára. Selt magn nam um 70 millj. lítra sem er 7% aukning milli ára. Tekjur af raftækjasölu lækkuðu um 1,1% milli ára og tekjur af annarri vöru og þjónustusölu aukast um 15,7% milli ára en N1 opnaði nýtt verkstæði í bifreiðþjónustu fyrir rútur og vöruflutningabíla í Klettagörðum í september sl. Aðrar tekjur lækka um 266 millj. kr. milli ára en einskiptistekjur að fjárhæð 358 millj. kr. vegna endurgreiðslu flutningsjöfnunarsjóðsgjalds komu inn í sama fjórðung árið áður.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 3. ársfjórðungi 2023

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 8.575 millj. kr. sem er 21,4% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 23,0% og hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta fjórðungi og 2,9 p.p. milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 4.251 millj. kr. sem er aukning um 17,7% milli ára. Framlegðarstig nam 23,2% sem hækkun um 0,2 p.p. frá síðasta fjórðungi en er lækkun um 0,5 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 2.367 millj. kr. sem er 911 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 19,5% og hækkar um 3,3 p.p. frá síðasta fjórðungi og 8,5 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.131 millj. kr. sem er minnkun um 0,6% milli ára. Framlegðarstig nam 25,7% sem er svipað og árið áður.
- Framlegð af annarri vöru og þjónustusölu nam 825 millj. kr. sem er minnkun um 3,8% milli ára. Framlegðarstig nam 33,1% sem er lækkun um 6,6 p.p. frá síðasta fjórðungi og 6,7 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	4.251	3.611	640	17,7%	11.743	9.846	1.897	19,3%
Eldsneyti og rafmagn	2.367	1.457	911	62,5%	5.059	4.694	365	7,8%
Raftæki	1.131	1.137	-6	-0,6%	3.156	3.039	117	3,9%
Aðrar vörur og þjónusta	825	858	-33	-3,8%	2.600	2.544	56	2,2%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	8.575	7.063	1.511	21,4%	22.558	20.123	2.435	12,1%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 8.575 millj. kr. samanborið við 7.363 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2022 sem er 21,4% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 4.251 millj. kr. sem er 17,7% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagn nam 2.367 millj. kr. sem er aukning um 911 millj. kr. milli ára. Eldsneytisverð á heimsmarkaði hækkaði mismunandi eftir tegundum á bilinu 10 – 40% á fjórðungnum en lækkaði um 18 – 30% á sama tíma árið áður. Framlegð af raftækjasölu nam 1.131 millj. kr. sem er 0,6% minnkun og framlegð annarra vara og þjónustu nam 825 millj. kr. sem er 3,8% minnkun milli ára. Framlegðarstig nam 33,1% sem er lækkun um 6,7 p.p. frá árinu áður. Meginskýringar liggja í einskíptismagnsölum á sorptunnum til sveitarfélaga á landinu í kjölfar útboða.

Rekstrarkostnaður 3. ársfjórðungs 2023

- Rekstrarkostnaður á 3F 2023 var 5.205 millj. kr. og hækkar um 407 millj. kr. milli ára eða um 8,5%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 369 millj. kr. eða 11,2% milli ára en 13,8% án áhrifa einskíptiskostnaðar á sama fjórðung síðasta árs.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.412 á fjórðungnum sem er fjölgun um 6,5% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 37 millj. kr. eða um 2,5% milli ára.

25. október 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2023

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.676	3.307	369	11,2%	11.486	9.721	1.765	18,2%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstarkostnaður fasteigna	496	446	50	11,3%	1.531	1.305	226	17,3%
Viðhaldskostnaður	235	261	-26	-9,9%	776	690	86	12,5%
Sölu og markaðskostnaður	388	399	-12	-2,9%	1.114	1.110	4	0,4%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	100	91	9	9,4%	355	291	63	21,6%
Samskiptakostnaður	203	209	-6	-3,0%	647	604	44	7,2%
Vátrygginga og tjónakostnaður	27	26	1	5,5%	70	144	-74	-51,2%
Annar kostnaður	80	59	21	34,7%	261	245	16	6,5%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.529	1.491	37	2,5%	4.754	4.389	365	8,3%
Samtals rekstrarkostnaður	5.205	4.798	407	8,5%	16.241	14.110	2.130	15,1%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 3F 2023 nam 3.676 millj. kr. samanborið við 3.307 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 11,2% hækkun milli ára. Kostnaður vegna starfslokasamnings fyrrum forstjóra að fjárhæð 76 millj. kr. var gjaldfærður inn á sama fjórðung síðasta árs en launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 13,8% milli ára ef hann er undanskilinn. Fjöldi stöðugilda nam 1.412 á fjórðungnum sem er fjölgun um 86 stöðugildi eða 6,5% milli ára. Samningsbundnar launahækkunar höfðu 237 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára og aukning stöðugilda 207 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 3F 2022	3.307
Stöðugildi - breyting	207
Samningsbundnar launahækkunar	237
Orlofsskuldbinding	-16
Aðrar breytingar	-59
Laun og starfsmannakostnaður samtals 3F 2023	3.676

Annar rekstrarkostnaður nam 1.529 millj. kr. samanborið við 1.491 m.kr. á 3F 2022, sem er hækkun um 2,5% milli ára. Rekstrarkostnaður fasteigna hækkar um 11,3% vegna fjölgunar verslana, áhrifa veltutengdrar húsaleigu og áhrifa verðbólgu á samningsbundna liði eins og ræstingu, sorphirðu ofl. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir á alla kostnaðarliði en góður árangur hefur náðst í lækkun alls rekstrarkostnaðar í því umhverfi sem nú ríkir eins og sést í kostnaðarsamanburðinum milli ára.

Fjármagnsliðir 3. ársfjórðungs 2023

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 610 millj. kr. samanborið við 326 millj. kr. frá árinu áður. Aukningin er því 284 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 86 millj. kr. og lækka um 1 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 902 millj. kr. og hækka um 187 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var neikvæður um 53 millj. kr. og er neikvæð breyting 139 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna námu 259 millj. kr. og hækka um 43 millj. kr. milli ára.

25. október 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2023

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	86	87	-1	-0,8%	156	150	5	3,6%
Fjármagnsgjöld	-902	-715	-187	26,2%	-2.613	-1.730	-883	51,1%
Gengismunur	-53	86	-139	-161,4%	-24	117	-141	-120,9%
Áhrif hlutdeildarféлага	259	216	43	19,9%	430	385	46	11,9%
Samtals	-610	-326	-284	86,9%	-2.052	-1.078	-973	90,2%

Fjármagnstekjur nema 86 millj. kr. og lækka um 1 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 902 millj. kr. og hækka um 187 millj. kr. milli ára vegna áhrifa af hækkunum stýrivaxta Seðlabankans milli ára. Gengismunur var neikvæður um 53 millj. kr. en var jákvæður um 86 millj. kr. á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarféлага nema 259 millj. kr. og hækka um 43 millj. kr. milli ára.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 3. ársfjórðungs 2023

- Heildar eignir námu 97.286 millj. kr. í lok 3F 2023 og hafa aukist um 3.913 millj. kr. á árinu.
- Fastafjármunir námu 71.754 millj. kr. og hafa aukist um 304 millj. kr. á árinu.
- Veltufjármunir námu 25.531 millj. kr. og hafa aukist um 3.609 millj. kr. á árinu.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 33.653 millj. kr. og hafa lækkað um 2.675 millj. kr. frá áramótum.
- Eignfjárhlutfall félagsins var 36,1% í lok 3F 2023 samanborið við 36,9% í árslok 2022.
- Handbært fé nam 4.232 millj. kr. í lok 3F 2023 sem er hækkun um 2.120 millj. kr. frá áramótum.

Milljónir króna	30.9.2023	31.12.2022	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.842	14.862	-20	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.297	4.517	-220	-4,9%
Rekstrarfjármunir	35.358	34.815	543	1,6%
Leigueignir	8.024	8.012	11	0,1%
Fjárfestingarfasteignir	6.512	6.479	33	0,5%
Birgðir	13.968	13.086	883	6,7%
Viðskiptakröfur	6.553	5.960	592	9,9%
Handbært fé	4.232	2.112	2.120	100,4%
Vaxtaberandi skuldir	37.885	38.440	-556	-1,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir	33.653	36.328	-2.675	-7,4%
Eignfjárhlutfall	36,1%	36,9%	-0,8 p.p.	-2,3%
Veltuhraði vörubirgða	7,5	7,7	-0,2	-2,6%

Viðskiptavild nam 14.842 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.297 millj. kr. í lok 3F 2023. Rekstrarfjármunir námu 35.358 millj. kr og hækka um 543 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 6.512 millj. kr. og hækka um 33 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 883 millj. kr. frá áramótum vegna árstíðasveiflu í rekstrinum. Viðskiptakröfur aukast um 592 millj. kr., aðrar skammtímakröfur um 14 millj. kr. og handbært fé hækkar um 2.120 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 33.653 millj. kr. sem er lækkun um 2.675 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárhlutfall félagsins var 36,1% í lok 3F 2023 samanborið við 36,9% í lok árs 2022. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2023

- Handbært fé frá rekstri nam 3.383 millj. kr. eða 39,5% af framlegð, samanborið við 1.318 millj. kr. árið áður.
- Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 937 millj. kr. sem er aukning um 111 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 503 millj. kr. sem er minnkun um 984 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.	9M 2023	9M 2022	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	2.326	2.085	241	11,6%	2.112	4.003	-1.891	-47,2%
Handbært fé frá rekstri	3.383	1.318	2.065	156,6%	7.480	2.777	4.703	169,3%
Fjárfestingahreyfingar	-937	-826	-111	13,4%	-2.083	-3.403	1.320	-38,8%
Fjármögnunarahreyfingar	-503	-1.487	984	-66,2%	-3.252	-2.282	-970	42,5%
Gengismunur af handbæru fé	-37	55	-92	-167,4%	-25	49	-75	-151,5%
Breyting á handbæru fé	1.943	-995	2.938	-295,3%	2.145	-2.908	5.053	-173,8%
Handbært fé í lok tímabils	4.232	1.144	3.087	269,8%	4.232	1.144	3.087	269,8%

Handbært fé frá rekstri á 3F 2023 nam 3.383 millj. kr. sem er aukning um 2.065 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar námu 1.028 millj. kr. sem er 192 millj. kr. lægri en árið áður. Keyptir eigin hlutir námu 290 millj. kr. og afborganir af lánum og leiguskuldum námu 214 millj. kr. Breyting á handbæru fé var jákvæð um 1.943 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2023 og nam handbært fé í lok tímabilsins 4.232 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2023

EBITDA spá félagsins er hækkuð um 600 millj. kr. og nemur nú 10.400 - 10.800 millj. kr. CAPEX áætlun félagsins er lækkuð um 900 millj. kr. og nemur nú 3.600 - 4.000 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Eiginfjárlutfall félagsins er 36,1% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætar og er félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 3F 2023 nam 54,8 milljörðum króna og hækkar um 5,2% frá síðasta fjórðungi.
- Hluthafar félagsins voru 1.215 í lok 3F 2023 og fækkar um 33 frá síðasta fjórðungi.

25. október 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2023

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 26. október 2023

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 26. október 2023 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri rekstrar- og fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/cc/uppgjor-3f-2023>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: www.festi.is/r/fjarhagsupplýsingar.

Fjárhagsdagatal

- 4F 2023: 7. febrúar 2024
- Aðalfundur 2024: 6. mars 2024
- 1F 2024: 29. apríl 2024
- 2F 2024: 31. júlí 2024
- 3F 2024: 30. október 2024
- 4F 2024: 5. febrúar 2025
- Aðalfundur 2025: 5. mars 2025

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (mki@festi.is).